

HVALEYRI

26 APR. 2005
2006020026

DEILISKIPULAG

GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR



FEBRÚAR 2006

ÚTGÁFA 0,0



HAFNARFJARÐARBÆR

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ

1	Samþykktir og breytingar	3
1.1	Samþykktir	3
1.2	Breytingar	6
	Forsendur	6
1.3	Almennt um verkefnið	6
1.4	Gögn skipulagsáætlunarinnar.....	6
1.4.1	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	6
1.4.2	Gögn skipulagsáætlunarinnar.....	6
1.4.3	Ítarefni.....	7
1.5	Afmörkun skipulagssvæðisins.....	7
1.6	Skipulagssvæðið, núverandi aðstæður	7
1.6.1	Staðhættir	7
1.6.2	Fornminjar.....	7
1.6.3	Vegir og bílastæði.....	8
1.6.4	Byggingar.....	8
1.6.5	Náttúruminjaskrá.....	8
1.6.6	Friðlýst svæði.....	8
2	Deiliskipulag.....	10
2.1	Þarfagreining.....	10
2.1.1	Þarfir / óskir Golfklúbbsins Keilis:.....	10
2.1.2	Varnir og fráveita.....	10
2.1.3	Útivist og verndun.....	10
2.2	Byggingar og byggingarskilmálar	11
2.2.1	Golfskáli (A1).....	11
2.2.2	Æfingaskýli (A2).....	11
2.2.3	Dælu- og hreinsistöð (A3)	11
2.2.4	Aðrar byggingar	12
2.3	Golfvöllur	12
2.4	Þjónustuvegir og bílastæði	12
2.5	Fráveita og sjóvarnir	13
2.6	Göngustígar	13

1 Samþykktir og breytingar

1.1 Samþykktir

Deiliskipulag þetta var samþykkt til kynningar í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann 18. janúar 2005 og staðfest í bæjarstjórn þann 8. febrúar 2005. Athugasemdir bárust og voru teknar til umfjöllunar í skipulags- og byggingarráði þann 4. nóvember 2005. Tillagan var samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- Vegna breyttar hönnunar á fyrirhuguðum mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Krísuvíkurvegar breytast mörk skipulagssvæðisins lítilla umhverfis fyrirhuguð gatnamót.
- Sett er inn á skipulagsuppdrátt lóð vegna dælu- og hreinsistöðvar fráveitu norðaustan lóðar Alcan, þar sem áður var aðeins sýndur byggingarreitur. Stærð lóðar er 14.794 m². Þá er sett inn á skipulagsuppdrátt fyrirhuguð útrás frá dælu- og hreinsistöð út á haf.
- Byggingarreitur fyrir dælu- og hreinsistöð stækkar úr 2.500 m² í 8.216 m² og hliðrast lítilla til suðurs. Skv. skilmálum var áður gert ráð fyrir að mesta gólfplatarmál bygginga innan reitsins væri 1.200 m², en eftir breytingu verður það 1.500 m².
- Áður var gert ráð fyrir aðkomu að dælu- og hreinsistöð um vegslóða frá lóð Alcan, en breytingin gerir ráð fyrir að þess í stað verði aðkoma um nýjan vegslóða frá Reykjanesbraut, norðaustan og samsíða lóðarmörkum Alcan.
- Bætt er inn kvöð um 5 metra lagnabelti frá lóð dælu- og hreinsistöðvar að Reykjanesbraut
- Áður var gert ráð fyrir því að göngustígur sem liggur með ströndinni tengdist inn á lóð Alcan. Breytingin felur í sér að stígurinn liggur meðfram fyrirhuguðum vegslóða að dælustöð, og tengist þar göngustíg meðfram Reykjanesbraut.
- Í kafla 2.4, *þjónustuvegir og bílastæði*, er gert ráð fyrir þeim möguleika að þjónustuvegi að áhaldahúsi verði lokað með hliði. Sú breyting er gerð að skilyrði er að veginum verði lokað með hliði við enda Hamrabyggðar.

Eftirfarandi breyting var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann 31. janúar 2006.

- Byggingarreitur fyrir golfskýli færast lítilla til suðurs og minnkar úr 2.625 m² í 572 m². Með færslu á byggingarreit hliðrast stígur sunnan hans einnig. Vegna breyttrar staðsetningar á byggingarreit hliðrast göngustígur (útivistarleið) vestan reitsins út fyrir skýlið á um 200 m kafla. Vegna breyttrar staðsetningar á byggingarreit hliðrast hluti bílastæða austan reitsins um nokkra metra.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar vegna athugasemda Skipulagsstofnunar þann 28. mars 2006.

- Bætt er inn á uppdrátt og greinargerð upplýsingum um að Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 22. apríl 2005 að sjónvörn á Hvaleyrarhöfða sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
- Bætt er inn á uppdrátt og greinargerð upplýsingum um að fyrirhuguð dælu- og hreinsistöð sé háð mati á umhverfisáhrifum. Slíkt mat hefur ekki farið fram.
- Bætt er inn í skilmála fyrir æfingaskýli að byggingarreitur er fjær strönd en 50 metrar.
- Fornleifar sem áður voru skilgreindar sem hverfisvernduð svæði verða skilgreindar sem þjóðminjaverndarsvæði. Þá verða allar framkvæmdir á slíkum svæðum háðar samráði við Fornleifavernd ríkisins en ekki Byggðarsafn Hafnarfjarðar eins og áður var gert ráð fyrir. Þá er bætt inn á uppdrátt og greinargerð upplýsingum um tvö friðlýst svæði innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann

Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73 / 1997, var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

1.2 Breytingar

Frávik frá deiliskipulagi og skilmálum þessum skal sækja um til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Umsóknir um frávik og breytingar verða kynntar nágrönnum, hagsmunaaðilum og almenningi með grenndarkynningu eða auglýsingu formlegrar breytingar á deiliskipulaginu eftir því sem lög kveða á um.

Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla í þeirri röð sem þær verða afgreiddar í skipulags- og byggingarráði.

Forsendur

1.3 Almennt um verkefnið

Deiliskipulag þetta er unnið af Landslagi ehf og hófst vinna við verkefnið í vetrarlok 2004. Á meðan á skipulagsvinnunni hefur staðið hefur verið haft samráð við þá aðila sem mestra hagsmuna eiga að gæta á svæðinu, eða kynnu að geta veitt gagnlegar upplýsingar um svæðið, svo sem forsvarsmenn golfklúbbsins Keilis, Siglingastofnun, Hafnarfjarðarhöfn, stjórn Fráveitu Hafnarfjarðar og Stuðul, verkfræði- og jarðfræðipjónustu.

Að verkinu hafa starfað fyrir hönd Landslags ehf. Þráinn Hauksson landslagsarkitekt, Ómar Ívarsson skipulagsfræðingur og Elsa Rafnsdóttir tækniteiknari. Skráning minja var framkvæmd af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafraeðingi á Byggðasafni Hafnarfjarðar.

F.h. Bæjarskipulags Hafnarfjarðar hafa komið að verkinu Bjarki Jóhannesson skipulagsstjóri og Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

Grunngögn:

Notast hefur verið við stafrænar loftmyndir og hæðarlínukort sem Hafnarfjarðarbær hefur útvegað.

1.4 Gögn skipulagsáætlunarinnar

1.4.1 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru lagðar til grundvallar deiliskipulagi þessu:

- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

1.4.2 Gögn skipulagsáætlunarinnar

Skipulagsáætlun þessi felur í sér eftirfarandi gögn:

- Deiliskipulagsuppdráttur, mælikvarði 1:3000

- Greinargerð með skilmálum.

1.4.3 Ítarefni

Í tengslum við gerð deiliskipulagsins var framkvæmd fornleifaathugun á svæðinu. Nánari upplýsingar um skráninguna er að finna í:

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hvaleyrar og Grísaness,

(Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur Byggðasafni Hafnarfjarðar, jan. 2005).

1.5 Afmörkun skipulagssvæðisins

Deiliskipulagið tekur til golfvallar Keilis á Hvaleyri og á hrauninu þar fyrir vestan, lóðar fyrir dælistöð fráveitu vestan golfvallarins og strandlengjunnar allrar milli lóðar Alcan við Straumsvík. Skipulagssvæðið afmarkast til vesturs af lóð Alcan í Straumsvík, til suðurs af veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar í núverandi legu að fyrirhuguðum bráðabirgðagatnamótum Reykjanesbrautar og Krísvíkurvegar og loks deiliskipulagsmörkum íbúðarbyggðar á Hvaleyri til austurs.

1.6 Skipulagssvæðið, núverandi aðstæður

1.6.1 Staðhættir

Hvaleyrarhöfði er framhald af Hvaleyrarholti til norðvesturs í sjó fram og er í sjálfu sér ölduvörn fyrir Hvaleyrarlón og fyrr á tíðum Hafnarfjörð áður en landfyllingar voru framkvæmdar. Holtið er allbratt að vestanverðu niður að hraunjaðri og samfelldum hraunbreiðum. Vegna mýkri setlaga í bergi Hvaleyrar nær sjór að grafa inn undan berginu og mynda djúpa skúta. Þannig hefur öldurótið brotið bergið í misstórum skömmtum og mun halda því áfram ef náttúran fær að hafa sinn gang. Margir muna gatkletti fremst á höfðanum sem hrundi árið 1974. Austur úr Hvaleyrarhöfðanum liggur kambur, Hvaleyrin, sem afmarkar Hvaleyrarlón og veitir skjól fyrir hafróti. Á skipulagssvæðinu eru fjölbreytilegar fjörur, leirur og sjávarmöl í Hvaleyrarlóni, stórgrýtisfjörur umhverfis Hvaleyri, sandfjara vestan Hvaleyrar og hraun í sjó fram til vesturs.

1.6.2 Fornminjar

Nokkuð er af búsetuminjum á svæðinu og hefur Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur annast skráningu þeirra f.h. Byggðasafns Hafnarfjarðar.

Nánari upplýsingar um skráninguna er að finna í:

Fornleifaskráning á Hvaleyri (Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, 2004).

1.6.3 Vegir og bílastæði

Aðkomuvegir að svæðinu eru um Hvaleyrarbraut og Miklaholt. Aðkoma að Golfskála Keilis er frá Miklaholti. Vegslóði er frá Hvaleyrarbraut að bátaskýlum við Hvaleyrarlón.

Malbikað bílastæði við Golfskála Keilis rúmar 106 bíla. Annað minna malarbórið stæði er við Miklaholt og rúmar það um 15 bíla og þjónar það jafnframt leikskólanum við Miklaholt.

Þegar mikið er um að vera á golfvellið yfir sumartímann er þörf á fleiri bílastæðum. Þjónustuaðkoma að áhaldahúsi Keilis er um Hamrabyggð.

1.6.4 Byggingar

Eftirfarandi byggingar eru á svæðinu:

- Golfskáli Golfklúbbsins Keilis.
- Áhaldahús Golfklúbbsins Keilis.
- Geymsla Golfklúbbsins Keilis.
- Æfingaskýli Golfklúbbsins Keilis.
- Verðandi æfingahúsnæði Golfklúbbsins Keilis, fyrrum húsnæði fyrir hvalalaug í Sædýrasafni sem rekið var á svæðinu.

1.6.5 Náttúruminjaskrá

Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða eru á náttúruminjaskrá. Í skránni er eftirfarandi lýsing á svæðinu:

Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum. Um er að ræða lífauðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.

1.6.6 Friðlýst svæði

Skv. fornleifaskráningu á Hvaleyri (*Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, 2004*) eru tvö friðlýst svæði innan skipulagssvæðisins og eru þau skilgreind með eftirfarandi hætti.

Flókasteinn

Flókasteinn eru grágrýtissteinn, hann er um 2,5 m að lengd, og breiddin er 1-2 m, hæðir en 0,7 m. Vestan við steininn er upphlaðinn smá hálfhringlaga grasivaxinn garður sem er um 0,3 m á hæð en lækkar þar sem hann er nærst steininum, veggjaþykkt garðsins er um 0,3m.

Rúnasteinn / Minorsteinn

Steinninn er grágrýtissteinn, rúmlega 2 m langur og breiddin 1-2 m og hæðin að sunnan er um 0,3 m, en að norðan í sömu hæð og landið í kring.

Þar sem minjarnar eru staðsettar með aðeins nokkra metra millibili eru þær merktar með aðeins einu tákni og 20 metra radíus umhverfis á skipulagsuppdrætti

Deiliskipulag

1.7 Þarfagreining

1.7.1 Þarfir / óskir Golfklúbbsins Keilis:

- Byggingarreitur v. stækkunar golfskála
- Stækkun æfingasvæðis við Hvalalaugarhús
- Inniaefingaaðstaða í Hvalalaugarhús
- Æfingaskýli við Hvalalaugarhús
- Aðkoma að æfingasvæði og bílastæði við Hvalalaugarhús
- Stækkun golfvallar í átt að eiðinu við lónið
- Breytt innra skipulag golfvallar

1.7.2 Varnir og fráveita

- Gert er ráð fyrir sjóvörnum á norður- og vesturhluta Hvaleyrarhöfða. Frumhönnun liggur ekki fyrir, en gera má ráð fyrir gördum í kóta a.m.k. 6 m.y.s. (7,8 m.y.s. í hæðarkerfi Siglingarstofnunar).
- Gert er ráð fyrir að borað verði fyrir fráveitulögn i gegnum Hvaleyrarhöfðann. Þar sem hún kemur upp á land grefst hún í jörðu. Dælustöð verði vestan golfvallar. Strandstígur með áningar- / útsýnisstöðum verði byggður í skurðstæði fráveitulagnar.

1.7.3 Útivist og verndun

- Aðgengi útivistarfólks að ströndinni verði tryggt með stíg (útivistarleið að hluta) sem liggur við vatnsborð vestanverðs Hvaleyrarlóns, á jaðri golfvallar útfyrir Hvaleyrarhöfða og í skurðstæði fráveitulagnar að lóðarmörkum Alcan. Á höfðanum er einungis gert ráð fyrir að leið sé greiðfær án þess að um uppbyggingu stígs sé að ræða.
- Hvaleyrarlón, grandinn og strandlengjan suður fyrir Hvalalaug er á náttúruminjaskrá og við framkvæmdir á þeim svæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar.
- Flókasteinn og Rúnasteinn / Minorsteinn eru friðlýstir og eru steinarnir og 20 m svæði umhverfis þá friðhelgir. Fornleifunum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

- Skráðar hafa verið fornminjar á skipulagssvæðinu og eru þau svæði merkt á skipulagsupprátt sem þjóðminjaverndarsvæði ásamt 20 m svæði umhverfis. Þar sem minjarnar eru í nánd hver við aðra eru fleiri en ein merktar innan sama svæðis. Allar framkvæmdir á þessum svæðum eru háðar samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Nánari upplýsingar um skráninguna er að finna í:

Fornleifaskráning á Hvaleyri

(Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, 2004).

Fornleifavernd ríkisins gaf umsögn um skipulagstillöguna þann 10. mars 2006 og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram.

1.8 Byggingar og byggingarskilmálar

Skipulagið gerir ráð fyrir að þrjár nýjar byggingar rísi á skipulagssvæðinu.

1.8.1 Golfskáli (A1)

Gert er ráð fyrir að byggður verði nýr golfskáli suð-vestan við núverandi golfskála en gert er ráð fyrir að þeir verði samtengdir með tengibyggingu. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingu á einni hæð auk kjallara. Byggingarreitinn er 1.050 m² en flatarmál gólflatar byggingarinnar skal að hámarki vera 500 m². Mænishæð verði að hámarki 5 metrar yfir gólflkóta jarðhæðar. Lofthæð kjallara skal að hámarki vera 3 metrar. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja við núverandi skála um 40 m² á jarðhæð. Á þeirri hlið jarðhæðar sem snýr í átt að golfvelli, norðvestur eru horn skálans inndregin undir þaki. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að stækka skálann sem nemur þessum hornum, en hvort þeirra en um 20 m².

1.8.2 Æfingaskýli (A2)

Gert er ráð fyrir að æfingaskýli verði staðsett vestan við núverandi æfingaskýli. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa skýli á einni eða tveimur hæðum. Byggingarreitinn er 572 m² en flatarmál gólflatar hvorrar hæðar skýlisins skal að hámarki vera 500 m². Skýlið skal vera einhalla og hæsta þakbrún skal að hámarki vera 7 metrar yfir gólflkóta. Sjá jafnframt skýringarmynd á deiliskipulagsupprætti. Byggingarreitur æfingaskýlis er í meira en 50 m fjarlægð frá strönd. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

1.8.3 Dælu- og hreinsistöð (A3)

Gert er ráð fyrir tveimur byggingum fyrir fráveitu norðaustan lóðar Alcan í Straumsvík. Innan byggingarreitsins er heimilt að reisa byggingar sem hýsa

dælu- og hreinsistöð, grófhreinsun með síum ásamt fitu- og sandgildrum. Byggingarreiturinn er 8.216 m² en mesta gólfflatarmál bygginga er 1.500 m². Stærð lóðar er 14.794 m². Mænishæð verði að hámarki 7 metrar yfir gólfkóta. Hugsanlegt er að mannvirkin verði reist í áföngum þannig að dælu- og hreinsistöð verði byggð fyrst en fitu- og sandgildran síðar. Heildarflatarmál á við báðar byggingarnar. Gert er ráð fyrir að afkastageta stöðvarinnar sé um 65.000 persónueiningar. Staðsetning innan byggingarreits er frjál. Áhersla er lögð á að byggingin falli vel inn í umhverfið.

Skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum er dælu- og hreinsistöð háð mati á umhverfisáhrifum þar sem miðað er við að afkastageta hennar verði yfir 50.000 persónueiningum. Stöðin hefur ekki undirgengist slíkt mat.

Aðkoma er frá Reykjanesbraut, um nýjan vegslóða norðaustan lóðarmarka Alcan. Kvöð er um 5 metra breytt lagnabelti frá lóð dælu- og hreinsistöðvar að Reykjanesbraut.

1.8.4 Aðrar byggingar

Gert er ráð fyrir að í fyrrum hvalalaugarhúsi (sunnan byggingarreits A2), sem er í eigu golfklúbbsins, verði sett upp inniaðstaða þar sem hægt er að æfa golf yfir vetrartímann.

1.9 Golfvöllur

Athafnasvæði golfvallar er skilgreint sérstaklega í skipulaginu (sjá skipulagsuppdrátt) en innan þess er gert ráð fyrir að Golfklúbburinn Keilir hafi aðstöðu sína. Innan þess svæðis er heimilt að fara í framkvæmdir í þágu golfíþróttarinnar, s.s. að endurbæta eða endurgera golfbrautir og golfæfingasvæði. Þess skal þó gætt að halda jarðraski sem minnstu við framkvæmdir og græða land upp að þeim loknum. Sérstök aðgát skal höfð vegna fornminja og búsetuminja á svæðinu. Í öllum vafatiltfellum skal haft samráð við Fornleifavernd ríkisins.

1.10 Þjónustuvegir og bílastæði

Gert er ráð fyrir tveimur aðkomuvegum inn á athafnasvæði golfvallar. Annarsvegar er um að ræða 4,5 metra breiðan veg sem liggur frá Miklaholti, við núverandi malarborið bílastæði. Þessi þjónustuvegur liggur að æfingahúsi sem verður í fyrrum hvalalaugarhúsi. Gert er ráð fyrir því að umferð um veginn verði takmörkuð. Mögulegt er að loka umferð um veginn með hliði við áður nefnt bílastæði.

Hinn þjónustuvegurinn liggur inn á athafnasvæði golfvallarins frá Hamrabyggð en um er að ræða þjónustuveg sem eingöngu verður notaður vegna aðkomu að áhaldahúsi golfklúbbsins. Skilyrði er að veginum verði lokað með hliði við enda Hamrabyggðar, til að hindra almenna umferð um hann.

Vegna stækkunar golfskála eykst þörf á bílastæðum á svæðinu umhverfis. Gert er ráð fyrir að núverandi malarborið bílastæði við Miklaholt stækki og rúmi um 26 bíla. Þá er gert ráð fyrir nýju bílastæði austan þess stæðis en gert er ráð fyrir að það rúmi um 50 bíla. Bæði þessi stæði munu tengjast golfskálum með göngustígum.

Gert er ráð fyrir þjónustuvegi að fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð norðan lóðar Alcan. Þjónustuvegurinn tengist inn á Reykjanesbraut.

1.11 Fráveita og sjóvarnir

Byggður verður sjóvarnargarður utan við ströndina á Hvaleyrinni en brim hefur brotið verulega af höfðanum gegnum tíðina. Verður garðurinn um 1 km að lengd og gert ráð fyrir að hæð hans verði í kóta sem er 6 m.y.s. Forhönnun garðanna liggur ekki fyrir. Skv. úrskurði Skipulagsstofnunar frá 22.04 2005 er sjóvörn á Hvaleyrarhöfða ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Frárennislögn mun liggja frá dælu- og hreinsistöð við Suðurgarð, yfir voginn austan Hvaleyrar og liggja svo innan áðurnefnds sjóvarnargarðs. Mögulegt er að boruð verði göng í gegnum Hvaleyrarhöfðann fyrir frárennislögnina og yrði hún þar í kóta sem er um 2 m.y.s. Þar sem sjóvarnargarðurinn endar vestan Hvaleyrarinnar mun lögnin verða lögð í jörð meðfram ströndinni að dælustöð sem mun verða staðsett austan lóðar Alcan í Straumsvík.

Þá mun liggja fráveitulögn (útrás) frá fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð liggja um 2 km út á haf og á um 9 metra dýpi. Lega á útrás er ekki ákveðin.

1.12 Göngustígar

Gert er ráð fyrir að göngustígur (útivistarleið að hluta) verði byggður upp meðfram allri strandlínunni innan skipulagsstæðisins. Stígurinn mun liggja meðfram fyrirhuguðum vegi að bátaskýlunum og þaðan niður í fjöruna við Hvaleyrarlón. Fyrir Hvaleyrarhöfðann er leiðin skilgreind sem útivistarleið og þá komið fyrir eftir aðstæðum á jaðri golfvallar og hugsanlega sem tímurflekar ofan á grjótvörninni. Við tekur hefðbundinn stígur þar sem varnirnar enda vestan Hvaleyrarinnar. Þaðan liggur hann meðfram ströndinni að lóð fyrirhugaðrar dælu- og hreinsistöðvar, og þaðan tengjast inn á göngustíg meðfram Reykjanesbraut. Gert er ráð fyrir að stígurinn verði lagður í sömu legu og frárennislögn sem mun liggja um svæðið. Mikilvægt stígtenging er jafnframt um svæði milli holtsins og hraunjaðarsins og gefur möguleika á samfelldri útivistarleið frá strönd að Ástjarnarsvæði, Völlum og jafnvel Hvaleyrarvatnssvæði.